

GJALDSKRÁ

Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis vegna leyfisveitinga, eftirlits og annarrar gjaldskyldrar starfsemi.

I. KAFLI

Matvælaeftirlit.

1. gr.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem háð er leyfum eða eftirliti heilbrigðisnefndar samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 ber fyrirtækjum, einstaklingum og lögaðilum að greiða gjöld í samræmi við gjaldskrá þessa og fer um innheimtu samkvæmt henni.

2. gr.

Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem hafa verið áhættuflokkuð og falla undir opinbert eftirlit heilbrigðisnefnda fer samkvæmt áhættu- og frammistöðuflokkunarkerfi samkvæmt lögum um matvæli, sbr. lagabreytingu nr. 33/2018. Gjald fyrir reglubundið eftirlit með fyrirtækjum sem ekki hafa verið áhættuflokkuð nemur fastri fjárhæð í samræmi við viðauka með gjaldskrá þessari. Greiða skal fyrir hverja eftirlitsheimsókn.

II. KAFLI

Hollustuhættir og mengunarvarnir.

3. gr.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem háð er leyfum eða eftirliti samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari. Um álagningu eftirlitsgjalda fer samkvæmt viðauka og 11. og 12. gr. gjaldskrár þessarar.

4. gr.

Tóbaksvarnir.

Fyrir gjaldskylda starfsemi sem heilbrigðisnefnd ber að hafa eftirlit hjá með vísun til 8. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002 ber fyrirtækjum, einstaklingum og lögaðilum sem leyfi hafa til að selja tóbak í smásölu að greiða gjöld í samræmi við gjaldskrá þessa. Um álagningu eftirlitsgjalda fer samkvæmt viðauka og 11. gr. og 12. gr. gjaldskrár þessarar.

5. gr.

Um meðhöndlun úrgangs.

Vegna eftirlits, sbr. 9. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003, og eftirlits með atvinnurekstri sem heilbrigðisnefndir gefa út starfsleyfi fyrir, sbr. 2. mgr. 14. gr. sömu laga, er heimilt að innheimta gjald samkvæmt 9. og 10. gr. gjaldskrár þessarar.

6. gr.

Tímagjald	kr. 18.000
Sýnatökugjald samkvæmt eftirlitsáætlun vegna mælinga örvera og einfaldrá eðlisfræðilegra mælinga.	kr. 18.500

7. gr.

Af leyfisskyldri starfsemi, sbr. 1., 2., og 3. gr. gjaldskrár þessarar, er heimilt að innheimta gjald fyrir leyfi eins og hér segir:

Endurútgáfa eða endurnýjun leyfis:	eitt og hálf tímagjald
Auk auglýsingakostnaðar ef við á,	

Nýtt leyfi: tvöfalt tímagjald
Auk eftirlitsgjalds og auglýsingakostnaðar ef við á

Önnur leyfi: tvöfalt tímagjald
Leyfisgjald
og gjald skv. reikningi vegna undirbúnings, ferðar,
úttektar og frágangs ásamt auglýsingakostnaði ef við á.

8. gr.

Fyrir vottorð sem Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis gefur út samkvæmt fyrirleggjandi gögnum skal greiða tvöfalt tímagjald.

9. gr.

Ef um aukin eftirlitsverkefni er að ræða, umfram reglubundið eftirlit og/eða sýnatöku sem gert er ráð fyrir í eftirlitsáætlun er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að gera sérstakan reikning.

10. gr.

Vegna beitingar þvingunarúrræða skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, XI. kafla laga nr. 93/1995 um matvæli og XII. kafla laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs skal innheimta fyrir kostnaði eins og um aukin eftirlitsverkefni sé að ræða. Heimilt er að láta vinna verk á kostnað hins vinnuskylda ef tilmæli um framkvæmd eru vanrækt. Útlagður kostnaður er þá greiddur til bráðabirgða af heilbrigðisnefnd, þar sem hún fer með eftirlit.

Útlagður kostnaður af framkvæmd, vegna vinnu eftirlits við framkvæmd og við innheimtu kostnaðar innheimtist hjá viðkomandi.

11. gr.

Gjaldskrá þessi er samin með heimild í 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Aðildarsveitarfélögin annast innheimtu árlegra eftirlitsgjalda. Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis innheimtir önnur gjöld s.s. fyrir leyfi, vottorð, matvælaeftirlit, tóbakseftirlit og aukin eftirlitsverkefni. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

12. gr.

Gjalddagi árlegra eftirlitsgjalda samkvæmt 2. og 3. gr. er 1. mars og eindagi 1. apríl ár hvert en gjalddagi annarra gjalda útgáfudagur reiknings og eindagi 14 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtukostnaðar.

13. gr.

Þegar sami aðili rekur fleiri en eina tegund starfsemi sem fellur undir gjaldskrá þessa, á einum og sama stað, skal eftir eðli og umfangi starfseminnar leggja saman eftirlitsgjöld vegna víðeigandi starfsemi. Heimilt er þó að innheimta eitt árlegt eftirlitsgjald, þá í þeim flokki sem hæstur er ef aukning umfangs í eftirliti er óveruleg.

14. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs heilbrigðiseftirlitsins.

15. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar 5. nóvember 2020, bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar 28. október 2020 og bæjarstjórn Kópavogsbæjar 8. desember 2020, með vísun til ákvæða 46. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, 21. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli,

með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu. Um leið fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1299/2019 Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis vegna leyfisveitinga, eftirlits og annarrar gjaldskyldrar starfsemi.

Garðabæ, 10. desember 2020.

F.h. heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,
Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Heiti atvinnugreinar	Eftirlitsgjald kr./ári
Akstursíþróttasvæði og/eða akstursæfingasvæði	27.000
Alifuglarækt	99.000
Áfengisverslun	13.500
Bakarí, vinnsla og veitingasala (stór)	153.500
Bakarí, verslun, án vinnslu (lítil)	81.500
Bakarí, verslun, með vinnslu (stór)	117.500
Bensinstöð, eldsneytisafgreiðsla	72.000
Bílgrein - hjólbarðaverkstæði	18.000
Bílgrein margþætt starfsemi	126.000
Bílgrein o.fl., geymsla og viðgerðir	22.500
Bílgrein o.fl., verkstæði fyrirtækja	54.000
Bílgrein, bifreiðasprautun	54.000
Bílgrein, bifreiða- eða vélaverkstæði	54.000
Bílgrein, litlar bónstöðvar, viðgerðaraðstaða eða þ.h.	27.000
Bílgrein, partasala > 3 stæði	54.000
Bílgrein, réttingaverkstæði	27.000
Bílgrein, ryðvörn	90.000
Bílgrein, smurstöð	54.000
Bílgrein, véla- og tækjageymsla með olíubirgðum	54.000
Bílgrein, þvotta- og bónstöðvar	54.000
Bjórgerð	81.500
Brenna	54.000
Daggæsla í heimahúsi með > 6 börn	31.500
Dvalar- og hjúkrunarheimili, með eldhúsi	162.500
Dýralæknastofa	27.000
Endurhæfing, sundlaug	117.500
Endurnýting úrgangs	81.000
Fangageymsla	22.500
Fangelsi	72.000
Félagsaðstaða, kennsluhúsnæði, með eldhúsi	40.500
Félagsaðstaða, kennsluhúsnæði, án eldhúss	15.750
Fiskbúð	90.500
Fiskverkun - almenn	90.000
Fiskverkun - sérhæfð	108.000
Fjallaskáli	22.500
Flugvöllur án eldsneytisafgreiðslu	27.000
Fótaaðgerðarstofa	27.000
Framleiðsla á byggingarefni úr steinsteypu	90.000
Framleiðsla á snyrtivörum, lítil	31.500

Framleiðsla á umbúðaplásti	63.000
Framleiðsla á vörum sem koma í snertingu við matvæli	99.000
Framleiðsla, átöppun neysluvatns	126.500
Framleiðsla dýrafóðurs	36.000
Framleiðsla eða pökkun á korni	108.500
Framleiðsla eimaðra áfengra drykkja	135.500
Framleiðsla matvöru til matvælavinnslu	108.500
Framleiðsla tilbúinna rétta	126.500
Framleiðsla tilbúinnar steinsteypu	90.000
Fræðslustarfsemi án mótuneytis, framhaldskólastig	27.000
Fræðslustarfsemi með mótuneyti, framhaldskólastig	135.500
Fræðslustarfsemi, verknám í matvælavinnslu	135.500
Fræðslustarfsemi, tónlistarskólar, dansskólar o.þ.h.	31.500
Garðauðun, aðstaða	27.000
Gasbirgðastöð	81.000
Gámastöð	18.000
Gisting, gistiheimili eða hótél minni háttar veitingasala	40.500
Gisting, gistiheimili án veitinga	27.000
Gisting, gistiskáli, flokkur II	40.500
Gisting, veitingasala - hótél	144.500
Gleriðnaður, skurður og vinnsla á glerplötum og rúðugleri	54.000
Grjótnám til mannvirkjagerðar	90.000
Grunnskóli án mótuneytis	49.500
Grunnskóli með mótuneyti	135.500
Gæludýraverslun	27.000
Gæsluvöllur og opið leiksvæði	63.000
Hafnartankur, eldsneytisafgreiðsla	36.000
Hárgreiðslu- og snyrtistofa	31.500
Hárgreiðslustofa	27.000
Heilsugæslustöð	27.000
Heimili með félags- og/eða heilbrigðisþjónustu	31.500
Hestahald, hesthúshverfi	13.500
Hestaleiga, reiðskóli, hestaíþróttir	54.000
Hreinlætisvörur, pökkun efnasambanda	99.000
Húðflúrstofa	54.000
Húðgötun	54.000
Íþróttahús	90.000
Íþróttahús, lítið	54.000
Íþróttavöllur	54.000
Kaffibrennsla	40.500
Kaffihús, lítið	22.500
Kertaverksmiðja	13.500
Krá, kaffihús án matsölu	63.000
Krá, kaffihús með matsölu	135.500
Krydd- og bragðefnaframleiðsla	99.250
Kvikmyndahús	54.000
Kæli- og frystigeymsla	27.000
Leikhús án eldhúss	27.000
Leikskóli án mótuneytis	81.000
Leikskóli með mótuneyti	108.500
Líkamsræktarstöðvar	54.000
Líkamsræktarstöð, lítil	27.000

Líkamsræktarstöð, með heitum pottum	126.500
Læknahús, röntgen, aðgerðastofa	31.500
Læknastofa	27.000
Malar-, sand- og vikurnám, vatnsverndarsvæði	126.000
Matjurtarækt, baunspírur o.þ.h.	117.500
Matsölustaður, lítill	90.500
Matsölustaður, veitingahús	117.500
Matvara, sérhæfð verslun s.s. apótek	36.000
Matvælaframleiðsla og þökkun	117.500
Matvælaframleiðsla, takmarkað umfang	45.000
Matvörudreifing frá vöruhóтели	31.500
Matvörudreifing með vörugeymslu	45.000
Matvöruverslun, lítið umfang	36.000
Matvöruverslun án vinnslu	90.500
Matvöruverslun með vinnslu	162.500
Málmiðn, blikksmiði	27.000
Málmiðn, járn-, ál- og stálsmiðjur	49.500
Málmiðn, kælitækjaþjónusta, viðgerðir og nýsmíði	49.500
Málmiðn, spennaviðgerðir	49.500
Málmiðn, vélsmíða- og vélaviðgerðaverkstæði	49.500
Málmiðnaður, sandblástur	99.000
Málmsteypa < 20 tonn á dag	49.500
Meðferð og húðun málna	85.500
Meindýraeyðar, aðstaða	13.500
Móttaka á úrgangi til endurnýtingar	63.000
Móttaka brotamálms	198.000
Mötuneyti	99.500
Mötuneyti, lítið (móttökueldhús)	63.000
Nuddstofa	24.750
Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla	31.500
Plastiðnaður	31.500
Prentiðnaður	29.250
Þökkun á sápuefnum o.þ.h.	63.000
Rafgeymaverksmiðja og verkstæði	29.250
Rafvélaverkstæði	29.250
Reykhus og reykofn, kjötvinnsla og niðursuða	40.500
Búsetuúrræði með þjónustu allan sólarhringinn	31.500
Samkomusalur með veitingum	45.000
Samkomusalur s.s.sýningarsalir, kirkjur eða þ.h.	22.500
Sjúkraþjálfun, endurhæfing o.þ.h.	27.000
Skíðaskáli, skíðasvæði, vélageymsla og viðgerðaraðstaða	162.000
Skotvöllur	45.000
Skólphreinsistöðvar > 10.000 pe	90.000
Skólphreinsistöðvar, aðrar	72.000
Smáhýsi eða matsöluvagn	81.500
Smásala á innþökkðu sælgæti o.þ.h.	11.250
Snyrtistofa	27.000
Snyrtivöruframleiðsla, verksmiðja	90.000
Sorpflutningar og sorphirða	76.500
Sólbaðstofa	63.000
Spennistöð	29.250
Spilliefnamóttaka og flutningur spilliefna	38.250

Steinsmiði	54.000
Steinsmiði, minni háttar	27.000
Sultu- og ávaxtagrautargerð	108.500
Sumarbúðir	54.000
Sundlaug	407.500
Sundlaug, lítil	226.000
Súkkulaði- og sælgætisgerð	126.250
Sölutjald og sjálf sali	9.000
Tannlæknastofa	49.500
Te- og kaffiframleiðsla	40.750
Tjaldstæði, þ. á m. hjólhýsastæði	49.500
Tóbakssala	54.000
Trésmiðja - verkstæði	31.500
Trésmiðja með lökkun	63.000
Varaafstöð með olíubirgðum	63.000
Varaafstöð með olíubirgðum < 1.600 l	63.000
Vatnsveita án vatnsból > 5.000 íbúar	924.000
Vatnsveita án vatnsból 1.000 – 5.000 íbúar	308.000
Vatnsveita og vatnsból < 1.000 íbúar	81.500
Vatnsveita og vatnsból 25.001 - 30.000 íbúar	1.793.000
Vatnsveita og vatnsból 30.001 - 50.000 íbúar	2.037.500
Veisluþjónusta og sala á tilbúnum mat	90.500
Veitingaverslun, brauðstofa, ísbúð	108.500
Verkstæði fyrir þungavinnutæki	126.000
Verslunarmiðstöðvar	72.000
Viðhald skipa, flotkví og tengdur rekstur	112.500
Vinnsla með plast- og frauðefni	31.500
Vinnsla með trefjaplast	99.000
Vöruafgreiðsla	72.000
Vörugeymslur matvara	45.000
Vörugeymslur, litlar	27.000
Vöruhótel	72.000
Yogastofa, heilun, fræðslustarfsemi o.fl.	27.000
Þottahús og efnalaug	63.000